



Með hugann fullan af hetjudraumum

Ljóðskáldið **Aðalsteinn Ásberg** og söngvaskáldið **Svavar Knútur** flytja brot úr verkum Steins Steinarrs og segja frá lífi og list byltingarskáldsins, sem varð með tíð og tíma þjóðareign. Ferill Steins er rakinn í ljóðum og söngvum, enda hafa mörg tónskáld sótt innblástur í verk hans. Ádeila, heimspeki, ást og nútími eru stikkorð sem vísa á skáldið sem átti stærstan þátt í formbyltingu ljóðsins á Íslandi.

Hentar vel fyrir *alla aldurshópa*.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

Dagskráin um Stein Steinarr er samstarfsverkefni **Skálda í skólum** og **Tónlistar fyrir alla**.

Ætli þetta geti verið satt?

Hver trúir því að froskur geti breytt sér í snigil eða fugl? Eða dreki spilað fótbolta? **Iðunn Steinsdóttir**, rithöfundur, og **Hjörleifur Hjartarson**, rithöfundur og þýðandi, ferðast um ævintýraheima þar sem ólíklegustu skepnur vilja endilega kynast börnum, sem væri besta mál ef þær væru ekki stórhættulegar á köflum. Meðal gamla fólksins finnast líka ýmsar skrítnar skrúfur sem láta stundum að sér kveða. Og í þessari dagskrá verður kveðið og sungið og auðvitað sagðar sögur líka.

Hentar vel fyrir *1.-3. bekk*.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

Fíasól og flinki teiknarinn

Fíasól er gleðisprengr, ferðalangur og óskabarn. Hún er grunnskólaormur og úthverfakríli. Fíasól fer sínar eigin leiðir og rambur á skynsemismörkum og villist stundum inn í land sem heitir Rugl og vitleysa. **Kristín Helga Gunnarsdóttir**, rithöfundur, og **Halldór Baldursson**, myndlistarmaður, ferðast inn í heim Fíusólar. Þau hlaupa um sögurnar og tína upp gömul og ný ævintýri af Fíusól. Þau skoða myndirnar og hvernig þær verða til – kanna hvernig saga verður að mynd og mynd að sögu og hvernig samhengið á milli verður stundum órjúfanlegt.

Hentar vel fyrir *3.-5. bekk*.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

Ort og sagt um líf og leit

Olga Guðrún Árnadóttir og **Pórarinn Eldjárn** tvínna saman þráð úr ljóðum og sögum. Stóru spurningarnar teknar fyrir: Hver er ég, hvar er ég, hvað verð ég, hvernig langar mig til að vera og hvers vegna? Þetta eru bráðhollar spurningar þó oft séu svörin smá: „Ég veit það ekki“ eða „af því bara“. Smáu spurningarnar fá líka að fljóta með. Svörin við þeim geta verið ansi stór. Við lifum í leit og leitum í lífi.

Hentar vel fyrir *6.-8. bekk*.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.



Stjörnuflópur með staf

Fáir íslenskir höfundar hafa fjallað með jafn skemmtilegum hætti um heim bernskunnar og **Þórbergur Þórðarson**. Eins eru frásagnir hans af því þegar ástin grípur unglingana ógleymanlegar. Höfundarnir **Pétur Gunnarsson** og **Jón Hjartarson** bregða á leik og lýsa stílbrögðum og sérkennum Þórbergs, en Jón hefur margoft túlkað skáldið á sviði á meistaralegan hátt.

Hentar vel fyrir *5.-7. bekk*.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

Skiljið áttavitann eftir heima!

Gerður Kristný og **Stefán Máni** fara með nemendum í ferðalag um lundur bóka sinna. Stefán Máni fjallar þó fyrst og fremst um skáldsögu sína **Skipið** þar sem ferðalagið er einmitt megin umfjöllunarefnið. Gerður Kristný tekur aftur á móti fram ljóðabækur sínar og skýrir frá ferðunum sem farnar eru í þeim. Bæði leita þau svara við því hvað sé saga og hvað ljóð og hvort ljóðið geti jafnvel búið í sögunni og sagan þá hreiðrað um sig í ljóðinu.

Hentar vel fyrir *8.-10. bekk*.


Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.

Ljóðasmygl og ljóðtímaflakk

Andri Snær Magnason hóf ljóðasmygl og skáldarín árið 1995 en **Sigurður Pálsson** hefur stundað ljóðvegagerð og ljóðtímaflakk um langt skeið. Yrkisefni þeirra ná frá Melrakkaslétu inn í Bónusverslanir. Í fjölbreyttri dagskrá flytja þeir ljóð og deila hugrenningum sínum með nemendum. Um hvað á að yrkja? Hvaðan koma ljóð? Hvaðan koma skáldin? Hvaðan komum við? Báðir rekja þeir rætur sínar og bernskuminningar til Norður-Pingeyjarsýslu en Andri Snær er ættaður þaðan og Sigurður fæddur og uppalinn þar. Eins og allir eru þeir síðan komnir frá einhverjum tímamarki í lífinu, báðir hafa til dæmis verið 15 ára.

Hentar vel fyrir *8.-10. bekk*.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa.



Skáld í skólum er bókmenntaverkefni sem hleypt var af stokkunum haustið 2006. Er skemmst frá því að segja að grunnskólar landsins hafa tekið framtakinu fagnandi og eftirspurn farið ört vaxandi. Það hefur sýnt sig að haustannir henta yfirleitt betur en vorannir, þegar hugað er að höfundaheimsóknum, og því er lögð sérstök áhersla á nýjar dagskrár að hausti. Á vormisseri verður hægt að velja úr fjölda af dagskrám sem orðið hafa til á undanförunum árum.

Ennfremur er vert að minna á að margir höfundar bjóða upp á skemmtilegar skóladagskrár, þar sem þeir fjalla um verk sín og ræða við nemendur um bókmenntir. Höfundamiðstöðin hefur milligöngu um að bóka slíkar heimsóknir og veitir líka aðstoð ef skólar, fyrirtæki eða stofnanir vilja standa fyrir ritlistarnámskeiðum, ráðstefnum eða öðrum viðburðum sem rithöfundar koma að.

Tímabil á haustönn:
13. október – 18. nóvember 2008

Frestur til að panta dagskrár er til
1. október 2008

Verð miðast við fjölda áhorfenda,
kr. 200 á hvern nemanda
en lágmarksgreiðsla er kr. 16.000

Höfundamiðstöð Rithöfundasambandsins
nýtur stuðnings menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar.
Styrktarsjóður Baugs og Menningarsjóður IHM
hafa styrkt verkefnið Skáld í skólum.

Upplýsingar í síma 568 3190
rsi@rsi.is
www.rsi/hofundamidstod/

Skáld í skólum



Bókmenntadagskrár
fyrir börn og unglinga

Haust 2008

Höfundamiðstöð RSÍ